



Akraneskaupstaður og Knattspyrnufélag ÍA (KFÍA) gera með sér eftirfarandi

## Samkomulag

Um aðkomu Akraneskaupstaðar að Norðurálsmóttinu í knattspyrnu, sem gildir til þriggja ára, frá 2019-2021:

1. KFÍA heldur mót fyrir 7. flokk drengja í knattspyrnu í júní ár hvert.
2. Gert er ráð fyrir þátttakendum á hverju móti sem nemur um 1500 drengjum.
3. KFÍA skipuleggur alfarið móttin og annast fyrirkomulag og rekstur þeirra með starfsmönnum sínum og sjálfboðaliðum.
4. KFÍA annast alla samninga um kaup á nauðsynlegri þjónustu, greiðslu alls kostnaðar vegna mótsins og þess rekstrarkostnaðar sem mótshaldið krefst.
5. KFÍA annast undirbúning og fyrirkomulag aðstöðu fyrir keppendur og aðstandendur þeirra, svo sem snyrtiaðstöðu, þ.m.t. útisalerni(kamrar), ruslagáma á keppni- og gistisvæðum, uppsetningu sölutjalda o.þ.h.
6. KFÍA skuldbindur sig til að ganga frá að afloknum mótum, svæðum og húsnæði því sem félagið fær til afnota við mótshaldið, í samráði við forstöðumenn viðkomandi stofnana og samkvæmt þeim reglum sem hjá þeim gilda eða eru settar hverju sinni. Verði tjón á húsnæði eða húsbúnaði þeirra stofnana sem KFÍA hefur til afnota á mótstímanum er KFÍA ábyrgt fyrir því tjóni.
7. KFÍA skuldbindur sig til að kynna Akraneskaupstað í síðasta lagi 30 dögum fyrir mót fyrirkomulag mótsins, umfang þess og setja fram beiðni um afnot svæða og húsnæðis sbr. 8. og 9. gr. samkomulagsins. Ef óskað er aðkomu bæjarstjóra eða bæjarfulltrúa svo sem að mótsetningu eða verðlaunaafhendingu skal því komið á framfæri í síðasta lagi 15 dögum fyrir mót.
8. Akraneskaupstaður skuldbindur sig til að heimila KFÍA afnot íþróttamannvirkja kaupstaðarins sem og húsnæði Grundaskóla og Brekkubæjarskóla án sérstaks endurgjalds.
9. Akranes heimilar KFÍA afnot af opnum svæðum við Byggðasafnið að Görðum, milli Víðigrundar og Leynisbrautar og við Skógræktina(hjá Garðalundi), fyrir tjöld, húsbíla, tjaldvagna o.þ.h.



AB-SFB



10. Auk styrkveitingar skv. 8. og 9. gr. greiðir Akraneskaupstaðar KFÍA árlega kr. 3.100.000 fyrir 30. júní meðan á samkomulaginu stendur. Fjárhæðin tekur verðlagsbreytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtrygginga í janúar 2019, grunnvísitala 460,5. Fjárhæðin skal uppreiknuð ár hvert miðað við grunnvísitölu.

Akranesi, 27/4 2019

F.h. Akraneskaupstaðar



Sævar Freyr Þrainsson  
bæjarstjóri

F.h. KFÍA

Magnús Guðmundsson  
formaður KFÍA

Vottar að dagsetningu og undirskrift:

181168-3959

010870-4539

